

Ed.

710. Breytingartillögur

við frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GJ og IngP).

1. Við 2. gr. B. Á eftir tölulið 39 kemur nýr liður:
Kollafjörður í Gufudalssveit.
2. Við 9. gr.
 - a. Aftan við 3. mgr. komi: ef þau njóta hlunninda af hafnargerðinni.
 - b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., er orðist svo:
Nú eiga einstaklingar eða félög hafskipabryggju innan hafnarsvæðis, og má þá ekki taka í hafnarsjóð bryggjugjöld né gjöld af vörum, sem um þær bryggjur fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp sambærilegu mannvirki til afgreiðslu skipa, enda er eigendum slikra mannvirkja óheimilt að taka gjöld af vörum, sem fara um bryggjur þeirra, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.
 - c. Upphaf 4. mgr. orðist svo:
Heimilt er að innheimta gjöld til hafnar o. s. frv.
3. Við 17. gr.
 - a. Úr 5. mgr. falli niður orðin: „og lögum nr. 11 30. des.“ til enda greinarinnar.
 - b. Aftan við greinina bætist: Lög nr. 76 14. nóvember 1917, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.